

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/958

2021/EES/71/31

frá 28. júní 2018

## um meðalhófsprófun áður en samþykkt er ný lögverndun starfsgreina (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 46. gr., 1. mgr. 53. gr. og 62. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Frelsi til að velja sér starfsgrein telst til grundvallarréttinda. Sáttmáli Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálinn“) tryggir frelsi til að velja sér starfsgrein sem og frelsi til atvinnurekstrar. Frjáls för launafólks, staðfesturéttur og frelsi til að veita þjónustu eru grundvallarreglur innri markaðarins, sem bundnar eru í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE). Reglur í hverju ríki um sig um skipulag hvað varðar aðgang að lögvernduðum starfsgreinum ættu því ekki að leiða til óréttmætra eða óhóflegra takmarkana á því að þessi grundvallarréttindi séu nýtt.
- 2) Ef sértæk ákvæði um samræmingu á kröfum um aðgang að lögverndaðri starfsgrein eða iðkun hennar, sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins, eru ekki fyrir hendi er það á valdsviði aðildarríkis að ákveða hvort og hvernig setja eigi reglur sem varða starfsgrein innan marka meginreglunnar um bann við mismunum og meðalhófsreglunnar.
- 3) Meðalhófsreglan er ein af almennum meginreglum laga Sambandsins. Af dómaframkvæmd (3) leiðir að landsráðstafanir sem geta hindrað framgang grundvallarréttinda sem tryggð eru í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, eða gert þau síður fýsileg þurfi að uppfylla fjögur skilyrði, þ.e.: þeim skal beitt á jafnréttisgrundvelli, þær skulu rökstuddar með vísan til þess að þær varði almannahagsmunum, þær verða að vera til þess fallnar að tryggja að það markmið sem stefnt er að náist og þær mega ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði.
- 4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB (4) felur í sér að aðildarríkin eru skuldbundin til að meta meðalhóf krafna sinna um takmarkanir á aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra og til að tilkynna framkvæmdastjórninni um niðurstöður þess mats, sem setur af stað „gagnkvæma matsferlið“. Það ferli þýðir að aðildarríkin hafa þurft að skima alla eigin löggjöf sem varðar allar þær starfsgreinar sem lögverndaðar voru á yfirráðasvæði þeirra.
- 5) Niðurstöður gagnkvæma matferlisins leiddu í ljós skort á gagnsæi að því er varðar viðmiðanirnar sem aðildarríkjum er ætlað að nota þegar þau meta meðalhóf krafna sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra sem og mismunandi athugun á slíkum kröfum á öllum stigum reglusetningar. Til að komast hjá uppskiptingu innri markaðarins og til að ryðja úr vegi hindrunum á því að hefja og stunda tiltekið launað starf eða sjálfstæða atvinnu-starfsemi ætti að vera fyrir hendi sameiginleg nálgun á vettvangi Sambandsins sem kemur í veg fyrir að óhóflegar ráðstafanir séu samþykktar.
- 6) Í orðsendingu sinni frá 28. október 2015 sem ber titilinn „Áætlun um stafrænan innri markað uppfærð: aukin tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki“ greindi framkvæmdastjórnin þörf á því að samþykkja meðalhófsframma um greiningu fyrir aðildarríkin þegar þau taka gildandi lögverndanir starfsgreina til endurskoðunar eða þegar þau leggja til nýjar slíkar lögverndanir.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 173, 9.7.2018, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 243/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtuð. ESB C 288, 31.8.2017, bls. 43.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. júní 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 21. júní 2018.

(3) Dómur Evrópudómstólsins frá 30. nóvember 1995, *Gebhard*, C-55/94, ECLI:EU:C:1995:411, 37. mgr.

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegru menntun og hæfi (Stjtuð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22).

- 7) Markmiðið með þessari tilskipun er að setja reglur um að aðildarríki framkvæmi meðalhófsmat áður en þau innleiða nýja lögverndun starfsgreinar eða breyta gildandi lögverndunum, til þess að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins og tryggja á sama tíma gagnsæi og öfluga neytendavernd.
- 8) Starfsemi sem þessi tilskipun tekur til ætti að varða þær lögvernduðu starfsgreinar sem falla undir gildissvið tilskipunar 2005/36/EB. Þessi tilskipun ætti að gilda að því er varðar kröfur sem takmarka aðgengi að gildandi lögverndaðri starfsgrein eða iðkun hennar eða nýjar starfsgreinar sem aðildarríkin eru að floga hvort þau eigi að setja reglur um. Þessi tilskipun ætti að gilda til viðbótar við tilskipun 2005/36/EB og með fyrirvara um önnur ákvæði sem mælt er fyrir um í sérstökum gerðum Sambandsins sem varða aðgengi að tiltekinni lögverndaðri starfsgrein eða iðkun hennar.
- 9) Þessi tilskipun er með fyrirvara um valdheimildir aðildarríkjana til að skilgreina skipulag og inntak mennta- og starfsþjálfunarkerfa sinna og einkum hvað varðar möguleika þeirra til að fela fagfélögum vald til að skipuleggja eða hafa yfirumsjón með sérfræðimenntun og starfsþjálfun. Ákvæði sem takmarka ekki aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra, þ.m.t. ritstjórnarlegar breytingar, tæknilegar aðlaganir á námsefni þjálfunarnámskeiða eða nútímavæðing þjálfunarreglugerða ættu ekki að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar. Þegar starfsmenntun eða starfsþjálfun samanstendur af starfsemi sem er launuð ættu staðfesturétturinn og frelsi til að veita þjónustu að vera tryggð.
- 10) Ef aðildarríki löggleiða sértækar kröfur að því er varðar reglusetningu varðandi tiltekna starfsgrein sem er komið á með sérstakri gerð Sambandsins, sem ekki gefur aðildarríkjunum frelsi til að velja nákvæmlega hvernig þær skulu lögleiddar, ætti meðalhófsmatið, sem kveðið er á um í sértækum ákvæðum þessarar tilskipunar, ekki að eiga við.
- 11) Aðildarríki ættu að geta stuðst við sameiginlegan regluramma sem byggður er á skýrt skilgreindum lagahugtökum varðandi mismunandi leiðir til lögverndunar starfsgreina í Sambandinu. Nokkrar leiðir eru til lögverndunar starfsgreina, t.d. með því að veita einungis handhöfum faglegrar menntunar og hæfis aðgengi að tiltekinni starfsemi eða iðkun hennar. Aðildarríki er einnig heimilt að setja reglur um einn þátt iðkunar starfsgreinar með því að setja skilyrði um notkun starfsheita eða með því að leggja kröfur um menntun og hæfi einungis á sjálfstætt starfandi einstaklinga, launaða fagmenn eða á stjórnendur eða lagalega fyrirsvarsmenn fyrirtækja, einkum þegar starfsemin er stunduð af lögáðila í formi atvinnufyrirtækis.
- 12) Áður en aðildarríkin innleiða ný eða breyta gildandi ákvæðum laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra ættu þau að meta meðalhóf slíkra ákvæða. Umfang matsins ætti að vera í réttu hlutfalli við eðli, innihald og umfang ákvæðisins sem innleiða á.
- 13) Það er aðildarríkjana að sýna fram á rökstuðning og meðalhóf. Þeim ástæðum sem aðildarríki skírskotar til í rökstuðningi fyrir lögverndun ætti því að fylgja greining á því hvort sú ráðstöfun sem það aðildarríki hefur samþykkt sé viðeigandi og standist meðalhóf, ásamt sérstökum gögnum sem styðja við rök aðildarríkisins. Þótt aðildarríki þurfi ekki endilega að leggja fram tiltekna rannsókn eða tiltekið form upplýsinga eða efnis sem staðfestir meðalhóf slíkrar ráðstöfunar áður en hún er samþykkt ætti aðildarríkið að gera hlutlæga greiningu, þar sem tekið er tillit til sérstakra aðstæðna þess aðildarríkis, sem sýnir fram á að markmiðum almannahagsmuna sé raunveruleg hætta búin.
- 14) Aðildarríki ættu að framkvæma meðalhófsmat með hlutlægum og óháðum hætti, þ.m.t. þar sem starfsgrein er óbeint lögvernduð með því að veita tiltekinni sérfræðistofnun vald til að setja reglur. Þetta mat gæti falið í sér álitserð frá óháðum aðila, þ.m.t. frá starfandi stofnunum sem eru hluti af innlendu lögjafarferli, sem hlutaðeigandi aðildarríki hafa falið það verkefni að veita slíkt álit. Þetta er einkum mikilvægt í þeim tilfellum þar sem matið er unnið af staðaryfirvöldum, eftirlitsaðilum eða fagfélögum sem, vegna nálægðar við staðbundnar aðstæður og sérhæfðrar þekkingar, gætu í tilteknum tilfellum verið betur í stakk búin til að greina bestu leiðina við að ná markmiðum sem varða almannahagsmuni en ákvarðanir þeirra gætu verið til hagsbóta fyrir starfandi rekstraraðila á kostnað nýrra markaðsaðila.
- 15) Rétt þykir að fylgjast með hvort meðalhófs sé gætt í nýjum eða breyttum ákvæðum sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra eftir að þau hafa verið samþykkt. Endurskoðun á því hvort meðalhófs sé gætt í takmarkandi innlendra ráðstöfun á sviði lögverndaðra starfsgreina ætti ekki aðeins að byggja á markmiðum þeirrar innlendu ráðstöfunar við samþykkt hennar heldur einnig á mati á áhrifum hennar eftir að hún var samþykkt. Mat á því hvort meðalhófs hafi verið gætt við innlendu ráðstöfunina ætti að byggja á þeirri þróun sem átt hefur sér stað á sviði lögvernduðu starfsgreinarinnar frá því að ráðstöfunin var samþykkt.

- 16) Líkt og viðurkennd dómaframkvæmd hefur staðfest eru allar óréttmætar takmarkanir sem stafa af innlendum lögum sem takmarka staðfesturétt eða frelsi til að veita þjónustu bannaðar, þ.m.t. öll mismunun á grundvelli ríkisfangs eða búsetu.
- 17) Ef það að hefja og stunda launað starf eða sjálfstæða atvinnustarfsemi er háð tilteknum skilyrðum sem varða sérstaka faglega menntun og hæfi, sem mælt er fyrir um beint eða óbeint af aðildarríkjunum, er nauðsynlegt að tryggja að slík skilyrði séu rökstudd með vísan til almannahagsmuna svo sem eins og í skilningi sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, þ.e. allsherjarreglu, almannaöryggi og lýðheilsu eða á grundvelli brýnna ástæðna með tilliti til almannahagsmuna, sem eru viðurkenndir sem slíkir í dómaframkvæmd Dómstólsins. Einnig er nauðsynlegt að skýra að meðal brýnna ástæðna með tilliti til almannahagsmuna, sem viðurkenndar eru af Dómstólum eru eftirfarandi: varðveisla fjárhagslegs stöðugleika almannatryggingakerfisins, vernd neytenda, þjónustuþega, þ.m.t. með því að tryggja gæði handverksvinnu, sem og starfsmanna, að tryggja tilhlýðilega réttarvörslu, að tryggja að viðskipti fari heiðarlega fram, að berjast gegn svikum, skattsvikum og skattahagræðingu og tryggja skilvirkni skattaeftirlits, öryggi í flutningum, vernd umhverfisins og þéttbýlisumhverfis, heilbrigði dýra, hugverkaréttur, vernd og varðveisla sögulegs og listræns þjóðararfs, markmið félagsmálafestu og markmið stefnu í menningarmálum. Samkvæmt viðurkenndri dómaframkvæmd geta einskrærar efnahagslegar ástæður, þ.e. það að styðja við þjóðarbúskapinn á kostnað mannfrelsis, sem og algerar stjórnsýslulegar ástæður, svo sem framkvæmd eftirlits eða öflun tölfraðilegra upplýsinga, ekki talist brýnir almannahagsmunir.
- 18) Það er aðildarríkjanna að ákvarða hversu mikla vernd þau vilja veita almannahagsmunum og hversu mikla reglusetningu þau vilja, innan viðmiðunarmarka meðalhófs. Sú staðreynd að eitt aðildarríki setur reglur sem eru mildari en annað aðildarríki þýðir ekki að reglur síðartalda aðildarríkisins séu óhóflegar og samræmist ekki lögum Sambandsins.
- 19) Að því er varðar lýðheilsuvernd skal, samkvæmt 1. mgr. 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, tryggja að heilsa manna njóti öflugrar verndar við mótun og framkvæmd allra stefna og aðgerða Sambandsins. Þessi tilskipun er að fullu í samræmi við það markmið.
- 20) Til að tryggja að ákvæðin sem þau innleiða og breytingarnar sem þau gera á gildandi ákvæðum séu í réttu hlutfalli ættu aðildarríkin að taka tillit til viðmiðana við mat á meðalhófi og viðbótarviðmiðana sem skipta máli fyrir lögvernduðu starfsgreinina sem er verið að greina. Ef aðildarríki áformar að setja reglur um starfsgrein eða breyta gildandi reglum skal taka tillit til eðlis áhættunnar sem tengist þeim almannahagsmunum sem stefnt er að, einkum áhættu fyrir þá sem njóta þjónustunnar, þ.m.t. fyrir neytendur, fagmenn eða þriðju aðila. Einnig ætti að hafa í huga að á sviði sérfræðiþjónustu er venjulega ósamræmi í upplýsingum milli neytenda og fagmanna, þar sem sérfræðingar búa yfir mikilli tækniþekkingu sem neytendur búa e.t.v. ekki yfir.
- 21) Kröfur um faglega menntun og hæfi skulu aðeins teljast nauðsynlegar þar sem fyrirbyggjandi ráðstafanir, eins og t.d. lög um vöruöryggi eða lög um neytendavernd geta ekki talist hentug eða raunverulega árangursrík til að ná því markmiði sem stefnt er að.
- 22) Til þess að ráðstöfun uppfylli kröfur um meðalhóf þarf hún að vera til þess fallin að hún tryggi að það markmið sem stefnt er að náist. Ráðstöfun skal aðeins teljast til þess fallin að tryggja að það markmið sem stefnt er að náist ef hún raunverulega endurspeglar viðleitni til að ná því markmiði með samræmdum og kerfisbundnum hætti, t.d. þar sem tekist er á við sambærilega áhættu sem tengist tiltekinni starfsemi með sambærilegum hætti og þar sem öllum undantekningum frá viðkomandi takmörkunum er beitt í samræmi við tilgreint markmið. Enn fremur ætti innlenda ráðstöfunin að stuðla með skilvirkum hætti að því að markmiðinu sem stefnt er að verði náð og ef hún hefur ekki áhrif á grundvöll rökstuðningsins ætti hún því ekki að teljast viðeigandi.
- 23) Aðildarríkin ættu að taka tilhlýðilegt tillit til heildaráhrifa ráðstöfunarinnar á frjálsa för fólks og frjálsa þjónustustarfsemi, á frjálst val neytenda og gæði þjónustu sem veitt er. Á grundvelli þess ættu aðildarríki einkum að ganga úr skugga um hvort umfang takmarkananna á aðgengi að lögverndaðri starfsgrein eða iðkun hennar er í réttu hlutfalli við mikilvægi markmiðanna sem stefnt er að og þann ávinning sem vænst er.
- 24) Aðildarríki ættu að bera saman innlendu ráðstöfunina sem um ræðir og aðra síður hamlandi valkosti sem myndu leiða til þess að ná sama markmiði en hefði færri takmarkanir í för með sér. Ef ráðstafanirnar eru aðeins rökstuddar með vísan til neytendaverndar og ef áhættan sem tilgreind er takmarkast við tengslin milli fagmannsins og neytandans, og hefur því ekki neikvæð áhrif á þriðju aðila, ættu aðildarríki að meta hvort þau geti náð markmiði sínu með valkostum sem eru

síður hamlandi en það að einskorða starfsemi við fagmenn. Til dæmis ef neytendur geta með sanngjörnum hætti valið milli þess að nýta sér þjónustu fagmanna sem hafa full réttindi og hæfi eða ekki ætti að notast við síður hamlandi valkosti á borð við vernd starfsheita eða skráningu í firmaskrá. Taka skal til athugunar reglusetningu með einkaréttarbundinni starfsemi og lögvernduðum starfsheitum þar sem ráðstafanirnar miða að því að koma í veg fyrir að hagsmunir almennings, t.d. lýðheilsa, bíði alvarlegan skaða.

- 25) Ef við á, m.t.t. eðlis og innihalds ráðstöfunarinnar sem metin er ættu aðildarríki einnig að taka tillit til eftirtalinnna þátta: sambandsins milli umfangs atvinnustarfsemi sem fellur undir tiltekna starfsgrein og faglegrar menntunar og hæfis sem krafist er, hversu flókin verkefni eru, einkum að því er varðar stig, eðli og lengd þjálfunar eða reynslu sem krafist er, að fyrir hendi eru mismunandi leiðir til að hljóta faglegra menntun og hæfi, hvort deila megi starfsemi sem bundin er tilteknum fagmönnum með öðrum fagmönnum og hversu mikla sjálfstjórn lögvernduð starfsgrein hefur, sér í lagi þar sem starfsemi sem tengist lögverndaðri starfsgrein er fylgt eftir undir stjórn og á ábyrgð fagmanns sem býr yfir viðeigandi menntun og hæfi.
- 26) Þessi tilskipun tekur tillit til framfara í vísindum og tækni og stuðlar að eðlilegri starfsemi innri markaðarins, þ.m.t. í stafrænu umhverfi. Í ljósi örra tæknibreytinga og tækniþróunar gætu uppfærslur aðgangskrafna verið sérlega mikilvægar fyrir fjölda starfsgreina, einkum að því er varðar sérfræðiþjónustu sem veitt er með rafrænum hætti. Ef aðildarríki lögverndar starfsgrein ætti að taka þá staðreynd til greina að vísinda- og tækniþróun gæti dregið úr eða aukið ósamræmi í upplýsingum milli fagmanna og neytenda. Ef almannahagsmunum er veruleg hættu búin af vísinda- og tækniþróun er það aðildarríkjanna að hvetja fagmenn til að halda í við þá þróun, ef nauðsyn krefur.
- 27) Aðildarríkin ættu að láta gera heildstætt mat á þeim aðstæðum þar sem ráðstöfunin er samþykkt og hrint í framkvæmd og einkum kanna áhrif nýrra eða breyttra ákvæða þegar þau fara saman við aðrar kröfur sem takmarka aðgengi að starfsgrein eða iðkun hennar. Það að hefja og stunda tiltekna starfsemi kann að vera háð ýmiss konar kröfum, eins og t.d. reglum sem varða skipulag starfsgreinarinnar, skylduáðild að fagsamtökum eða sérfræðistofnun, siðareglum starfsgreina, umsjón og ábyrgð. Við mat á áhrifum nýju eða breyttu ákvæðanna ættu aðildarríkin því að taka tillit til fyrirliggjandi krafna, þ.m.t. til stöðugrar starfsþróunar, skylduáðildar að fagsamtökum eða sérfræðistofnunum, fyrirkomulags við skráningar eða leyfisveitingar, magntakmarkana, krafna um sérstök lögákvæðin rekstrarform og hlutfjáreign, svæðisbundinna takmarkana, þverfaglegra takmarkana og reglna um ósamrýmanleika, krafna um tryggingavernd, krafna um tungumálakunnáttu, að því marki sem nauðsynlegt er til að starfa innan starfsgreinarinnar, fastsettra lágmarks- og/eða hámarksgjaldskrárkrafna og krafna varðandi auglýsingar.
- 28) Innleiðing viðbótarkrafna gæti hentað til að ná markmiðum almannahagsmuna. Það eitt að einstaklingsbundin eða samanlögð áhrif þeirra skuli metin þýðir ekki að þessar kröfur séu fljótt á litið óhóflegar. Til dæmis kann kvöð um að undirgangast stöðuga starfsþróun að vera viðeigandi til að tryggja að fagmenn fylgist grannt með þróun á sínu sviði, svo fremi sem það mæli ekki fyrir um óhófleg skilyrði sem hafa mismunin í för með sér fyrir nýja aðila. Á sama hátt kann skylduáðild að fagsamtökum eða sérfræðistofnunum að teljast viðeigandi þar sem ríkið hefur falið þessum fagsamtökum eða sérfræðistofnunum að standa vörð um viðkomandi markmið almannahagsmuna, t.d. að hafa umsjón með lögmætri ástundun starfsgreinarinnar eða að skipuleggja eða hafa umsjón með samfelldri starfsþjálfun. Ef ekki er hægt að tryggja sjálfstæði starfsgreinar með öðrum hætti gætu aðildarríki íhugað að beita verndarráðstöfunum eins og þeim að takmarka hlutfjáreign aðila utan starfsgreinarinnar eða kveða á um að meirihluti atkvæðisréttar sé í höndum aðila sem starfa innan starfsgreinarinnar, svo fremi að slíkar verndarráðstafanir gangi ekki lengra en nauðsynlegt er til að vernda markmið almannahagsmuna. Aðildarríki gætu íhugað að koma á fastsettum lágmarks- og/eða hámarksgjaldskrárkröfum sem þjónustuveitendurnir verða að fara að, einkum að því er varðar þjónustu þar sem þetta telst nauðsynlegt fyrir skilvirka beitingu á meginreglunni um endurgreiðslu kostnaðar, svo fremi sem slík takmörkun telst hófleg og, ef nauðsyn krefur, að kveðið sé á um undanþágur frá lágmarks- og/eða hámarksgjaldskrá. Ef innleiðing viðbótarkrafna er tvíteking á kröfum sem aðildarríki hefur þegar innleitt í tengslum við aðrar reglur eða verklagsreglur geta slíkar kröfur ekki talist hóflegar til að ná því markmiði sem stefnt er að.
- 29) Samkvæmt II. bálki tilskipunar 2005/36/EB geta aðildarríki ekki lagt á þjónustuveitendur með staðfestu í öðru aðildarríki, sem veita tímabundna og óreglulega sérfræðiþjónustu, kröfur eða takmarkanir sem bannaðar eru í þeirri tilskipun, svo sem starfsleyfi frá, skráningu hjá eða aðild að fagsamtökum eða sérfræðistofnun eða það að hafa fulltrúa á yfirráðasvæði gístaðildarríkis í þeim tilgangi að hafa aðgang að eða stunda lögverndaða starfsgrein. Aðildarríki geta, ef nauðsyn krefur, krafði þjónustuveitendur sem óska eftir að veita þjónustu tímabundið, um upplýsingar í forni skriflegar

yfirlýsingar fyrir veitingu fyrstu þjónustunnar og um að endurnýja þessa yfirlýsingu árlega. Til þess að auðvelda veitingu sérfræðiþjónustu er því nauðsynlegt að ítreka, að teknu tilliti til eðlis þjónustu sem veitt er tímabundið eða óreglulega, að kröfur, eins og t.d. um sjálfvirka tímabundna skráningu eða bráðabirgðaaðild að fagsamtökum eða sérfræðistofnunum, um yfirlýsingar og skjöl sem og greiðsla hvers konar þóknunar eða gjalda, ættu að vera hóflegar. Þessar kröfur eiga ekki að vera óhófleg byrði á þjónustuveitandann eða að hindra hann í því að nýta sér frelsi til að veita þjónustu eða gera það síður fýsilegt. Aðildarríki ættu einkum að meta hvort kröfur um að veita tiltekna upplýsingar og skjöl í samræmi við tilskipun 2005/36/EB og möguleikinn á að afla frekari upplýsinga með samvinnu aðildarríkja á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn, séu hóflegar og fullnægjandi til að komast hjá alvarlegri hættu á að þjónustuveitendur sniðgangi gildandi reglur. Þessi tilskipun ætti hins vegar ekki að gilda um ráðstafanir sem ætlað er að tryggja að farið sé að gildandi ráðningarskilmálum og skilyrðum.

- 30) Líkt og viðurkennd dómaframkvæmd hefur staðfest telst heilbrigði og líf manna fremst í forgangi þeirra hagsmuna sem sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins verndar. Af þeim sökum ættu aðildarríki að taka tilhlýðilegt tillit til þess markmiðs að tryggja öfluga heilsuvernd manna þegar mat er lagt á kröfur til heilbrigðisstarfsgreina, t.d. um einkaréttarbundna starfsemi, lögvernduð starfsheiti, stöðuga starfsþróun eða reglur sem varða skipulag starfsgreinarinnar, siðareglur starfsgreinarinnar og umsjón, en virða á sama tíma lágmarkskröfur um menntun, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2005/36/EB. Aðildarríki ættu einkum að tryggja að lögverndun heilbrigðisstarfsgreina, sem hafa áhrif á lýðheilsu og öryggi sjúklinga, sé hófleg og stuðli að því að tryggja aðgang að heilbrigðisþjónustu, sem sáttmálinn viðurkennir sem grundvallarréttindi, sem og að veita borgurum á yfirráðasvæði sínu örugga og skilvirka þjónustu í háum gæðaflokki. Við það að koma á fót stefnumiðum um heilbrigðisþjónustu skal taka mið af nauðsyn þess að tryggja aðgengi, mikil gæði þjónustu og nægt og öruggt framboð lyfja, í samræmi við lýðheilsuþörf á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis sem og nauðsyn þess að tryggja faglegt sjálfstæði faglærðs heilbrigðisstarfsfólks. Að því er varðar rökstuðning fyrir lögverndun heilbrigðisstarfsgreina ættu aðildarríki að taka tillit til þess markmiðs að tryggja öfluga heilsuvernd manna, þ.m.t. aðgengi borgara að heilbrigðisþjónustu í háum gæðaflokki og nægt og öruggt framboð lyfja, að teknu tilliti til vikmarka ákvörðunarréttar sem um getur í 1. gr. þessarar tilskipunar.
- 31) Til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins er mjög mikilvægt að aðildarríkin veiti borgurum, hagsmunasamtökum og öðrum viðkomandi hagsmunaaðilum, þ.m.t. aðilum vinnumarkaðarins, upplýsingar áður en þau innleiða nýjar kröfur eða breyta gildandi kröfum sem takmarka aðgengi að lögverndaðri starfsgrein eða iðkun hennar. Aðildarríkin ættu að virkja alla aðila sem hlut eiga að máli og veita þeim tækifæri til að kynna sjónarmið sín. Þar sem það á við ættu aðildarríkin að hafa samráð við almenning í samræmi við málsmeðferð í hverju ríki fyrir sig.
- 32) Aðildarríki ættu einnig að taka fullt tillit til réttinda borgara til aðgangs að réttarkerfinu, sem tryggð eru með 47. gr. sáttmálans og 1. mgr. 19. gr. sáttmálans um Evrópusambandið (SESB). Þar af leiðir að í samræmi við málsmeðferðarreglur sem mælt er fyrir um í landslögum og stjórnskipulegum meginreglum ættu landsdómstólar að hafa tækifæri til að meta meðalhóf krafna sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar til að tryggja hverjum einstaklingi og lögaðila rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns gagnvart takmörkunum á frelsi til velja sér starfsgrein, á staðfesturétti og á frelsi til að veita þjónustu.
- 33) Í þeim tilgangi að miðla upplýsingum um bestu starfsvenjur ættu aðildarríkin að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hvetja til þess að fullnægjandi og uppfærðum upplýsingum um lögverndun starfsgreina, sem og um áhrif slíkra lögverndana, sé miðlað til annarra aðildarríkja. Framkvæmdastjórnin ætti að greiða fyrir þeirri miðlun upplýsinga.
- 34) Til að auka gagnsæi og stuðla að meðalhófsmati, sem byggist á sambærilegum viðmiðunum ættu upplýsingarnar sem aðildarríkin leggja fram, með fyrirvara um 346. gr. SUSE, að vera auðveldlega aðgengilegar í gagnagrunni yfir lögverndaðar starfsgreinar svo önnur aðildarríki og hagsmunaaðilar geti lagt athugasemdir fyrir framkvæmdastjórnina og hlutaðeigandi aðildarríki. Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til þessara athugasemda í yfirlitsskýrslu sinni sem útbúin er í samræmi við tilskipun 2005/36/EB.
- 35) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins og komast hjá óhóflegum takmörkunum á aðgengi að lögverndaðri starfsgrein eða iðkun hennar, og þessum markmiðum verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

### Efni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um sameiginlegan ramma fyrir framkvæmd meðalhófsmats áður en innleidd eru ný eða breytt er gildandi ákvæðum laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögverndaðri starfsgrein eða iðkun hennar í því skyni að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins en tryggja um leið öflugan neytendavernd. Hún hefur ekki áhrif á valdsvið aðildarríkjanna, ef samræming og vikmörk ákvörðunarréttar eru ekki fyrir hendi, til að ákveða hvort og hvernig setja eigi reglur sem varða starfsgrein innan marka meginreglunnar um bann við mismunun og meðalhófsreglunnar.

2. gr.

### Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um ákvæði laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögverndaðri starfsgrein eða beina eða óbeina iðkun hennar, þ.m.t. notkun starfsheita og fagleg starfsemi sem heimiluð er á grundvelli slíks titils, sem fellur undir gildissvið tilskipunar 2005/36/EB.
2. Ef sértækum kröfum varðandi tiltekna lögverndaða starfsgrein er komið á fót með sérstakri gerð Sambandsins, sem ekki gefur aðildarríkjunum frelsi til að velja nákvæmlega hvernig þær skulu lögleiddar, gilda samsvarandi ákvæði þessarar tilskipunar ekki.

3. gr.

### Skilgreiningar

Að því er varðar þessa tilskipun gilda þær skilgreiningar sem settar voru fram í tilskipun 2005/36/EB.

Að auki er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „lögverndað starfsheiti“: leið til að setja reglur um starfsgrein þar sem notkun á starfsheiti í atvinnustarfsemi eða í flokki atvinnustarfsemi er beint eða óbeint bundin, á grundvelli laga eða stjórnsýslufyrirmæla, skilyrði um sérstaka faglega menntun og hæfi og þar sem óviðeigandi notkun slíks starfsheitis er háð viðurlögum,
- b) „einkaréttarbundin starfsemi“: leið til að setja reglur um starfsgrein þar sem aðgengi að atvinnustarfsemi eða flokki atvinnustarfsemi er beint eða óbeint bundið, á grundvelli laga eða stjórnsýslufyrirmæla, við þá sem eru aðilar að lögverndaðri starfsgrein og hafa sérstaka faglega menntun og hæfi, þ.m.t. þar sem starfseminni er deilt með öðrum lögvernduðum starfsgreinum.

4. gr.

### Fyrirframat á nýjum ráðstöfunum og eftirliti

1. Aðildarríki skulu láta fara fram mat á meðalhófi í samræmi við þær reglur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun áður en þau innleiða ný eða breyta gildandi ákvæðum laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra.
2. Umfang matsins sem um getur í 1. mgr. skal vera í réttu hlutfalli við eðli, innihald og umfang ákvæðisins.
3. Þeim ákvæðum sem um getur í 1. mgr. skal fylgja skýring sem er nægjanlega ítarleg svo unnt sé að leggja mat á hvort farið sé að meðalhófsreglunni.
4. Rökstuðning fyrir því að telja að ákvæði sem um getur í 1. mgr. sé réttlæt看legt og standist meðalhóf skal styrkja með eigindlegum og eftir því sem unnt er og við á, megindlegum þáttum.
5. Aðildarríki skulu tryggja að matið sem um getur í 1. mgr. fari fram með hlutlægum og óháðum hætti.
6. Aðildarríki skulu fylgjast með því hvort ný eða breytt ákvæði laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra séu, eftir samþykkt þeirra, í samræmi við meðalhófsregluna, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þróunar sem hefur átt sér stað frá því viðkomandi ákvæði voru samþykkt.

## 5. gr.

**Bann við mismunun**

Þegar aðildarríki innleiða ný eða breyta gildandi ákvæðum laga eða stjórnslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra skulu þau tryggja að þau ákvæði feli hvorki í sér beina né óbeina mismunun á grundvelli ríkisfangs eða búsetu.

## 6. gr.

**Rökstuðningur með vísan til markmiða sem varða almannahagsmuni**

1. Aðildarríkin skulu tryggja að ákvæði laga eða stjórnslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra, sem þau hyggjast innleiða og breytingarnar sem þau hyggjast gera á gildandi ákvæðum séu rökstudd með vísan til almannahagsmuna.
2. Aðildarríki skulu einkum hafa í huga hvort ákvæðin sem um getur í 1. mgr. séu rökstudd á hlutlægan hátt á grundvelli allsherjarreglu, almannaöryggi eða lýðheilsu eða á grundvelli brýnna ástæðna með tilliti til almannahagsmuna, t.d. varðveisla fjárhagslegs stöðugleika almannatryggingakerfisins, vernd neytenda, viðtakenda þjónustu og launafólks, að tryggja tilhlýðilega réttarvörslu, að tryggja að viðskipti fari heiðarlega fram, að berjast gegn svikum, skattsvikum og skattahagræðingu og tryggja skilvirkni skattaeftirlits, öryggi í flutningum, vernd umhverfisins og þéttbýlisumhverfis, heilbrigði dýra, hugverkaréttur, vernd og varðveisla sögulegs og listræns þjóðararfs, markmið félagsmálastefnu og markmið stefnu í menningarmálum.
3. Ástæður sem eru eingöngu efnahagslegs eðlis eða einskærar stjórnsluástæður skulu þó ekki teljast brýnir almannahagsmunir sem réttlæta takmörkun á aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra.

## 7. gr.

**Meðalhóf**

1. Aðildarríki skulu tryggja að ákvæði laga eða stjórnslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra, sem þau innleiða og breytingar sem þau gera á gildandi ákvæðum séu til þess fallin að ná því markmiði sem stefnt er að og að þau gangi ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði.
2. Í því skyni skulu aðildarríki, áður en þau innleiða ákvæðin sem um getur í 1. mgr., taka tillit til:
  - a) eðlis áhættunnar sem tengist þeim almannahagsmunum sem stefnt er að, einkum áhættu fyrir þá sem njóta þjónustunnar, þ.m.t. fyrir neytendur, fagmenn eða þriðju aðila,
  - b) hvort gildandi reglur, sérstakar eða almenns eðlis, eins og t.d. þær sem er að finna í lögum um vöruöryggi eða lögum um neytendavernd, séu ófullnægjandi til að ná því markmiði sem stefnt er að,
  - c) hentugleika ákvæðisins að því er varðar hvort það sé viðeigandi til að ná því markmiði sem stefnt er að og hvort það raunverulega endurspeglar það markmið með samræmdum og kerfisbundnum hætti og takist þannig á við tilgreindar hættur með sambærilegum hætti og gert er í sambærilegri starfsemi,
  - d) áhrifa af frjálstri för fólks og frjálstri þjónustustarfsemi í Sambandinu á val neytenda og gæði þjónustu sem veitt er,
  - e) möguleikans á að notast við síður hamlandi leiðir til að ná markmiðum almannahagsmuna; að því er þennan lið varðar, ef ákvæðin eru aðeins rökstudd með vísan til neytendaverndar og ef áhættan sem tilgreind er takmarkast við tengslin milli fagmannsins og neytandans, og hefur því ekki neikvæð áhrif á þriðju aðila, skulu aðildarríki einkum meta hvort þau geti náð markmiði sínu með valkostum sem eru síður hamlandi en einkaréttarbundin starfsemi,
  - f) áhrifanna af nýjum eða breyttum ákvæðum, þegar þau fara saman við önnur ákvæði sem takmarka aðgengi að starfsgreininni eða iðkun hennar og einkum hvernig nýju eða breyttu ákvæðin, sameinuð öðrum kröfum stuðla að, og hvort þau séu nauðsynleg til að ná, sömu markmiðum almannahagsmuna.

Aðildarríki skulu einnig taka tillit til eftirfarandi þátta ef það á við m.t.t. eðlis og innihalds ákvæðisins sem er verið að innleiða eða breyta:

- a) sambandsins milli umfangs þeirrar starfsemi sem fellur undir tiltekna starfsgrein eða er bundin við hana og þeirrar faglegu menntunar og hæfis sem krafist er,

- b) sambandsins milli þess hversu flókin viðkomandi verkefni eru og nauðsynjar þess að þeir sem sinna þeim verkefnum búi yfir sérstakri faglegri menntun og hæfi, einkum að því er varðar stig, eðli og lengd þjálfunar eða reynslu sem krafist er,
- c) möguleikans á öflunar faglegrar menntunar og hæfis með öðrum leiðum,
- d) hvort og hvers vegna megi eða megi ekki deila starfsemi, sem bundin er tilteknum starfsgreinum, með öðrum starfsgreinum,
- e) hversu mikla sjálfstjórn lögvernduð starfsgrein hefur og áhrifa af skipulags- og eftirlitsráðstöfunum á að það markmið sem stefnt er að náist, einkum þar sem starfsemi sem tengist lögverndaðri starfsgrein er fylgt eftir undir stjórn og á ábyrgð fagmanns sem býr yfir viðeigandi menntun og hæfi,
- f) vísinda- og tækniþróunar sem kann að draga úr eða auka ósamræmi í upplýsingum milli fagmanna og neytenda með markverðum hætti.

3. Að því er varðar f-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. skulu aðildarríki meta áhrif nýrra eða breyttra ákvæða þegar þau fara saman við eina eða fleiri kröfur, með það í huga að slík áhrif kunna að vera jákvæð sem og neikvæð, og einkum af eftirfarandi:

- a) einkaréttarbundinni starfsemi, lögvernduðu starfsheiti eða annars konar reglugerðarformi í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/36/EB,
- b) kvöðum um að undirgangast stöðuga starfsþróun,
- c) reglum sem tengjast skipulagi starfsgreinarinnar, siðareglum hennar og eftirliti,
- d) skylduaðild að fagsamtökum eða sérfræðistofnunum, fyrirkomulagi við skráningar eða leyfisveitingar, einkum þar sem þessar kröfur ganga út frá skilyrðum um sérstaka faglega menntun og hæfi,
- e) magntakmörkunum, einkum kröfum sem takmarka fjölda leyfa til að starfa við starfsgreinina eða kröfum um lágmarks- eða hámarksfjölda starfsmanna, stjórnenda eða fulltrúa sem hafa sérstaka faglega menntun og hæfi,
- f) kröfum um sérstök lögákvæðin rekstrarform eða kröfur sem tengjast hlutfjáreign eða stjórn félags, að því marki sem þær kröfur tengjast beint starfsemi lögvernduðu starfsgreinarinnar,
- g) svæðisbundnum takmörkunum, þ.m.t. þar sem starfsgreinin er lögvernduð innan hluta yfirráðasvæðis aðildarríkis með hætti sem er frábrugðinn því hvernig hún er lögvernduð innan annarra hluta þess,
- h) kröfum sem takmarka að stunda megi lögverndaða starfsemi í sameiningu eða í samstarfi við aðra, sem og reglur um ósamrýmanleika,
- i) kröfum sem varða váttryggingavernd eða aðra persónulega eða sameiginlega vernd fyrir starfsmenn með tilliti til starfsábyrgðar,
- j) kröfum um tungumálakunnáttu, að því marki sem nauðsynlegt er til að starfa innan starfsgreinarinnar,
- k) kröfum um fastsettar lágmarks- og/eða hámarksgjaldskrár,
- l) kröfum varðandi auglýsingar.

4. Áður en aðildarríki innleiða ný eða breyta gildandi ákvæðum skulu þau að auki tryggja að þau ákvæði samræmist meginreglunni um meðalhóf fyrir sérstakar kröfur sem tengjast tímabundinni eða óreglulegri þjónustustarfsemi, sem kveðið er á um í II. bálki tilskipunar 2005/36/EB, þ.m.t.:

- a) sjálfvirka tímabundna skráningu eða bráðabirgðaaðild að fagsamtökum eða sérfræðistofnun, sem um getur í a-lið fyrstu málsgreinar 6. gr. tilskipunar 2005/36/EB,
- b) fyrir fram veitta yfirlýsingu skv. 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2005/36/EB, skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. þeirrar greinar eða aðrar sambærilegar kröfur,
- c) greiðslu þóknunar eða gjalda sem krafist er vegna stjórnsýslumeðferðar, sem tengist aðgengi að lögverndaðri starfsgrein eða iðkun hennar, sem þjónustuveitandinn stofnar til.



Þessi málsgrein skal ekki gilda um ráðstafanir sem ætlað er að tryggja að farið sé að gildandi ráðningarskilmálum og skilyrðum sem aðildarríki koma til framkvæmda í samræmi við lög Sambandsins.

5. Þar sem ákvæði sem um getur í þessari grein varða lögverndun heilbrigðisstarfsgreina og hafa áhrif á öryggi sjúklinga skulu aðildarríki taka tillit til markmiðsins um að tryggja öfluga heilsuvernd manna.

8. gr.

#### Upplýsingar til hagsmunaaðila og þátttaka þeirra

1. Aðildarríki skulu með viðeigandi hætti koma upplýsingum á framfæri til borgara, þeirra sem nýta þjónustuna og annarra viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. til þeirra sem ekki tilheyra viðkomandi starfsgrein, áður en þau innleiða ný eða breyta gildandi ákvæðum laga eða stjórnisýslufyrirmæla sem takmarka aðgengi að lögvernduðum starfsgreinum eða iðkun þeirra.

2. Aðildarríki skulu, með fullnægjandi hætti, virkja alla aðila sem hlut eiga að máli og veita þeim tækifæri til að kynna sjónarmið sín. Þar sem það á við skulu aðildarríkin að hafa samráð við almenning í samræmi við málsmeðferð í hverju ríki fyrir sig.

9. gr.

#### Raunhæf úrræði til að leita réttar síns

Aðildarríkin skulu tryggja að raunhæft úrræði til að leita réttar síns sé fyrir hendi að því er varðar málefni sem þessi tilskipun tekur til, í samræmi við málsmeðferðarreglur sem mælt er fyrir um í landslögum.

10. gr.

#### Upplýsingaskipti milli aðildarríkja

1. Með tilliti til skilvirkrar beitingar þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hvetja til upplýsingaskipta meðal aðildarríkjanna um málefni sem þessi tilskipun tekur til og um nákvæmlega hvernig þau lögvernda starfsgrein eða um áhrif slíkrar lögverndunar. Framkvæmdastjórnin skal auðvelda slík upplýsingaskipti.

2. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau opinberu yfirvöld sem bera ábyrgð á að senda og taka við upplýsingum við beitingu 1. málsgreinar.

11. gr.

#### Gagnsæi

1. Aðildarríkin skulu skrá í gagnagrunn yfir lögverndaðar starfsgreinar, sem um getur í 1. mgr. 59. gr. tilskipunar 2005/36/EB, rökstuðning fyrir því að ákvæði sem metin eru í samræmi við þessa tilskipun séu rökstudd sem réttlætunleg og að meðalhófs sé gætt og skal það, ásamt ákvæðunum, tilkynnt framkvæmdastjórninni skv. 5. mgr. 59. gr. tilskipunar 2005/36/EB sem skal framkvæmdastjórnin gera slíka skráningu öllum aðgengilega.

2. Aðildarríkjunum og öðrum hagsmunaaðilum er heimilt að leggja athugasemdir fyrir framkvæmdastjórnina eða fyrir aðildarríkið sem tilkynnti um ákvæðin og rökstuðninginn fyrir því að þau séu réttlætunleg og standist meðalhóf. Framkvæmdastjórnin skal taka tilhlýðilegt tillit til þessara athugasemda í yfirlitsskýrslu sinni sem útbúin er í samræmi við 8. mgr. 59. gr. tilskipunar 2005/36/EB.

12. gr.

#### Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 18. janúar 2024 og síðan á fimm ára fresti, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd og nothæfi þessarar reglugerðar, þ.m.t. m.a. gildissvið hennar og árangur.

2. Skýrslunni, sem um getur í 1. mgr., skulu fylgja tillögur um viðeigandi lagabreytingar, eftir því sem við á.

13. gr.

#### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnisýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að hlíta þessari tilskipun eigi síðar en 30. júlí 2020. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*14. gr.*

#### **Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*15. gr.*

#### **Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 28. júní 2018.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

A. TAJANI

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

L. PAVLOVA

*forseti*

\_\_\_\_\_